



HÚNABYGG VESTRÁ

Ársskýrsla 2023 – 2024

Starfsáætlun 2024 - 2025

Leikskólinn Ásgarður

September 2024

Efnisyfirlit

1	Skólastarfið 2023-2024.....	4
1.1	Verkefni.....	5
1.1.1	Bókasafnskassinn.....	5
1.1.2	Heilsueflandi leikskóli.....	5
1.1.3	Skóli á grænni grein – Samantekt Grænfánastjóra	5
1.2	Skil leik- og grunnskóla	6
1.3	Farsæld barna	6
1.4	Sérkennsla.....	7
1.5	Mat og matsaðferðir.....	7
1.5.1	Innramatsteymi leikskólans.....	8
1.5.2	Mat forráðamanna	8
1.5.3	Mat starfsmanna	8
1.5.4	Mat barna	8
2	Mannauður.....	8
2.1	Börn	8
2.2	Starfsfólk.....	9
2.2.1	Mönnun	9
2.2.2	Menntun og nemar	9
2.3	Endurmenntun	9
2.3.1	Námskeið	9
2.3.2	Skipulagsdagar.....	10
2.4	Fundur.....	11
2.5	Viðhald og hreingerning	11
2.6	Samstarf.....	12

2.7	Samningar	12
2.8	Öryggismál	13
3	Leiðarljós	14
4	Helstu verkefni og innra starf	15
4.1	Skólastarfið	16
4.1.1	Val	16
4.1.2	Hópastarf	16
4.1.3	Sérkennsla	16
4.1.4	Farsæld barna	17
4.2	Verkefni	17
4.2.1	Jákvæður agi	17
4.2.2	Heilsueflandi leikskóli	17
4.2.3	Skóli á grænni grein	17
4.2.4	Læsisstefna leik- og grunnskóla	17
4.2.5	Skil leik- og grunnskóla	18
4.2.6	Öryggismál	18
4.3	Önnur markmið	18
4.4	Mannauður	19
4.4.1	Mönnun	19
4.4.2	Menntun og nemar	19
4.5	Endurmenntun	19
4.6	Mat og matsaðferðir	20
4.6.1	Foreldrakönnun	20
4.6.2	Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl	20
4.7	Samstarf	21

Skólaárið 2023-2024

1 Skólastarfið 2023-2024

Skólaárið hefur gengið ágætlega fyrir sig hvað varðar starfsmannahald í leikskólanum. Leikskólinn hefur verið að mestu fullmannaður allt skólaárið þrátt fyrir að eitthvað hafið verið um mannabreytingar.

Haustið 2023 byrjaði skólastarfið á þann veg að unnið var með flæði í frjálsum leik barna annars vegar og hópastarf á móti því eftir hádegi. Um haustið var farið í skólaheimsókn í Hjalla í Hafnarfirði þar sem starfsfólk leikskólans fékk tækifæri til að kynna Hjallastefnunni. Eftir heimsóknina sköpuðust umræður og áhugi innan starfsmannahópsins um stefnuna. Því var ákveðið að gera tilraun eftir áramótin 2023-24 að taka inn frekari deildarskiptingu og tókum valkerfi Hjallastefnunnar til fyrirmyndar í staðinn fyrir flæðið. Tilraunin reyndist vel og hafa bæði foreldrar og starfsfólk lýst yfir ánægju með þessa breytingu á starfi leikskólans.

Það sem breytingin gefur okkur er að með því að hafa skipulagt val þá gefst starfsfólki leikskólans frekara tækifæri til að skrá niður val barnanna og þar með fáum við upplýsingar um áhugasvið og nám barna í frjálsum leik. Valsvæðin gefa okkur verkfæri til að stýra því betur hvar leikur barna fer fram og kemur í veg fyrir að mörg börn leiki sér saman í of litlu rými en slíkar aðstæður eru yfirleitt uppskrift á árekstra. Valfundirnir eru tvisvar á dag, einu sinni fyrir hádegi og einu sinni eftir hádegi.

Í Febrúar 2024 afhenti Kvenfélagið Björk reitinn Bjarkarás í hendur sveitafélagsins til umsjónar og nýtingar í þágu leikskólans Ásgarðs. Leikskólinn fékk einnig afhent Vináttuverkefni Barnaheilla frá bæði Lionsklúbbum Bjarma og foreldrafélagi leikskólans. Við eru afar þakklát öllu því góða fólki sem er í kringum okkur og lætur sig leikskólann varða.

Kærar þakkir.

1.1 Verkefni

1.1.1 Bókasafnskassinn

Tekin var ákvörðun um að hætta að notast við bókasafnskassann í vetur. Í staðinn fékk leikskólinn þónokkuð af bókum gefins frá bókasafninu.

1.1.2 Heilsueflandi leikskóli

Verkefnastjóri heilsueflandi leikskóla var Þorgerður Gló Tómasdóttir. Búið er að fara yfir viðmiðunarlista heilsueflingar. Flokkarnir sem stuðst er við eru nærsamfélag, fjölskylda, starfsfólk, geðrækt, mataræði, hreyfing, öryggi og tannheilsa. Í haust var farið í að setja okkur markmið fyrir veturinn og skoða atriði tengd geðrækt og hreyfingu. Ekki tókst að ná öllum markmiðum sem heilsuteymið setti sér en eitthvað af því hafðist svo að að verkefnið potast áfram í leikskólanum.

Teymi leikskólans: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, verkefnisstjóri, matráður og fulltrúi foreldra.

1.1.3 Skóli á grænni grein – Samantekt Grænfánastjóra

Starfið með börnunum:

Fyrir áramót byrjuðum við á að kynnast grænfánanum og nýju þema fyrir þennan vetur. Þemað sem varð fyrir valinu var lýðheilsa. Út frá niðurstöðum úr gátlistanum komu nokkrir hlutir sem að börnin sáu að mætti gera betur. Það sem kom frá þeim var meðal annars að geta fengið sér vatn allan daginn án þess að kennarinn þyfti að aðstoða þau og að fá rólegan, kósý dag þar sem allir væru í kósý fötum og það væri afslöppun.

Við byrjuðum hinsvegar á því að skoða það sem við getum gert til að bæta andlega heilsu okkar. Fyrstu vikurnar fórum við mikið í gönguferðir og brölluðum ýmislegt í fjölbreyttu veðri svo að hópurinn sæi að það er hægt að eiga góðan tíma úti sama hvernig viðrar. Við prufuðum hugleiðslu og slökun á hinum ýmsu stöðum í kringum leikskólan. Fórum til dæmis inn í lítið rjóður í kvenfélagsgarðinum í snjókomu og vindi, lögðumst niður, hlustuðum á veðrið og hugsuðum um hluti sem að ylja okkur. Svo fórum við upp á ásin í roki og tókum smá hugleiðslu og reyndum svo að öskra hærra en vindurinn. Síðustu vikurnar fyrir áramót vorum við svo meira inni, börnin fengu kósýdaginn sinn og líkaði vel auk þess sem við prufuðum að taka nokkrar jóga æfingar og líkaði vel.

Eftir áramót fórum við meira í jóga og bjuggum til betri markmiða töflu en áður hafði verið gert. Á meðal þeirra markmiða sem við höfðum sett okkur var vatnsbrúsanotkun í leikskólanum en til þess að það gæti orðið þurfti að finna stað til að geyma vatnsbrúsana á þegar ekki væri verið að nota þá. Það tókst og nú geta allir komið með vatnsbrúsana sína í leikskólann og geymt þá á góðum stað alla vikuna. Þeir voru svo sendir heim í lok viku til þess að vera þrífir. Ekki gekk eins vel með önnur markmið sem voru: fastir jóga tímar, kósý horn þar sem hægt var að taka smá slökun og nudd stundir. Orka okkar fór nefnilega annað í apríl – maí því að farið var í grænmetis ræktun. Við vorum svo heppin að þegar farið var að grennslast fyrir hverju væri best að sá, hvar við fengjum fræ og hvenær ætti að sá var haft samband við hana Huldu á Reykjum í Hrótafirði sem var svo góð að gefa okkur 6 tómataplöntur sem voru rétt komnar af stað og fræ fyrir gulrótum, gulrófum, klettasalti og blaðsalati. Tími okkar fór því í að sjá um þessar plöntur. Hvert barn í árgöngum 2018 og 2019 fékk að sá fjórum gulrótarfræjum í fernur sem þau svo tóku með sér heim í júní þegar að líkur á næturfrosti voru orðnar litlar. Tómatplönturnar uxu og döfnuðu og fengu börnin að njóta árangursins og smakka tómata úr eigin ræktun. Kál og gulrófu ræktunin gekk ekki eins vel en við vonumst til að læra af mistökunum (kennarinn það er að segja) og það gengur bara betur næst.

1.2 Skil leik- og grunnskóla

Undirbúningur barna í elsta árgangi leikskólans fór fram á sama hátt og undanfarin ár. Samskipti og samstarf á milli leik- og grunnskóla voru góð. Unnið var eftir skipulagi sem hægt er að nálgast á heimasíðu leikskólans.

1.3 Farsæld barna

Í Ásgarði starfar aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjóri sem tengiliður farsældar. Hún sótti regluleg námskeið á vegum Barna- og fjölskyldustofu um starf tengiliðar og aðra upplýsingafundi þess efnis. Leikskólastjóri sótti einnig fræðslu. Tengiliður vann í samstarfi við sviðsstjóra varðandi málefni farsældar og samþættrar þjónustu barna í leikskólanum.

1.4 Sérkennsla

Sérkennslustjóri sá um skipulagða sérkennslu og utanumhald hennar í leikskólanum. Fylgdist með þroska og málörvun í daglegu starfi ásamt því að sjá um eftirfylgni. Sérkennslustjóri skipuleggjur markvissa þjálfun sem er síðan unnin af starfsmanni innan hvernar deildar. Í vetur var unnið með tvo nemendur undir handleiðslu RGR, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins. Fjórir nemendur voru með aukið stöðugildi með sér. Sérkennslustjóri var með leiðsögn til starfsmanna hvernig vinna ætti að málörvun með barnahópinn í heild sinni í daglegu starfi.

1.5 Mat og matsaðferðir

Vinna með Sjálfsmatskerfið *Hversu góður er leikskólinn okkar* hófst 2021. Matskerfið vinnur út frá því að starfsmenn meta starfið sjálfir með gæðagreinum í formi gátlista sem snúa að starfinu. Framkvæmdin er í höndum skólastjórnenda en þeir eru ekki þátttakendur í matinu sjálfu. Gert er ráð fyrir að yfirferð yfir alla matsþætti í *Hversu góður er leikskólinn okkar* taki fjögur ár.

Á skólaárinu 2023-24 tókst að fara yfir flesta af þeim matslistum sem áætlað var að fara yfir það ár. Reynslan sýndi okkur þó að við þurfum að halda áfram að fínstilla verklagið okkar varðandi innramat leikskólans.

Í febrúar 2024 barst leikskólanum bréf frá menntamálastofnun þar sem tekið er fram að umbótavinna vegna ytramats menntamálastofnunar sé vel á veg komin og að engin þörf sé á frekari framvinduskýrslum frá leikskólanum. Málinu er því lokið af hálfu menntamálastofnunar.

1.5.1 Innramatsteymi leikskólans

Fulltrúar foreldra ásamt stjórnendum leikskóla, fulltrúum starfsfólks og sviðstjóra fjölskyldusviðs sátu umbótafund. Leikskólastjóri tók saman helstu atriði úr foreldrakönnun, starfsmannaviðtölum og innramatslistum og setti fram markmið fyrir veturinn 2024-25. Fundargerðir innramatsteymis má finna á heimasíðu leikskólans.

1.5.2 Mat forráðamanna

Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra leikskólans í febrúar 2024. Leikskólinn kom vel út í könnuninni og hafði ánægja með leikskólann aukist talsvert frá því að síðasta könnun var lögð fyrir. Hægt er að nálgast foreldrakönnun á heimasíðu leikskólans.

1.5.3 Mat starfsmanna

Starfsmannasamtöl voru haldin tvisvar á skólaárinu og annaðist skólastjóri þau. Þar komu fram margar góðar og gildar ábendingar sem stjórnendur tóku til skoðunar.

1.5.4 Mat barna

Gerð var könnun á viðhorfum elstu barna leikskólans gagnvart leikskólastarfinu sem síðan var sett inn á heimasíðu skólans.

2 Mannauður

2.1 Börn

Í desember 2023 voru börnin samtals 58 en voru sem flest 64 í lok skólaársins. Flest börn í leikskólanum voru í 8 klst vistun.

Fjöldi nemenda í hverjum árgangi var:

2018: 9 börn

2019: 13 börn

2020: 15 börn

2021: 11 börn

2022: 17 börn

2023: 1 barn

2.2 Starfsfólk

2.2.1 Mönnun

Um áramót á skólaárinu 2023-24 var gert ráð fyrir 21 stöðugildi í leikskólanum Ásgarði. Af þessum stöðugildum er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, matráður, aðstoð í eldhúsi, þrjár deildarstjórar og fjórtán starfsmenn á deildum. Mönnun var góð stóran hluta skólaársins.

2.2.2 Menntun og nemar

Skólaárið 2023-24 voru tveir leikskólakennaramenntaðir starfsmenn í húsi. Aðstoðarleikskólastjóri er með B.ed. í faggreinakennslu í grunnskóla auk þess að stunda framhaldsnám í menntunarfræði leikskóla. Einn starfsmaður var með B.ed. í leikskólakennarafræðum, þrjár starfsmenn stunduðu nám í leikskólakennarafræðum og tveir í grunnskólakennarafræðum. Matráður lauk sínu námi um áramót og útskrifaðist sem matsveinn. Tveir starfsmenn voru með B.s. gráðu í ótengdu fagi.

2.3 Endurmenntun

2.3.1 Námskeið

Farið var á eftirfarandi námskeið, og tók allur starfsmannahópurinn þátt:

- Skyndihjálparnámskeið
- Haustþing leikskóla
 - Fyrirlestur um málörvun barna
 - Brúðunotkun í leikskólastarfi
- Hvort viltu vera gleðigjafi eða fýlupúki
- Leikskólaheimsókn á Hjalla í Hafnarfirði

Einn eða fleiri starfsmenn sóttu námskeið í:

- Réttindanámskeið í EFI-2

Leikskólastjóri sótti:

- Réttindanámskeið í EFI-2

2.3.2 Skipulagsdagar

Dagsetningar og dagskrá

15. ágúst

- Sameiginlegur starfsdagur starfsmanna leik- og grunnskóla verður haldinn fyrir hádegi í grunnskólanum.
 - Unnið með menntastefnu Húnaþings vestra
 - Fyrirlestur: *Hvort viltu vera gleðilgjafi eða fylgupúki?*
- Kennarafundur verður haldinn í leikskólanum eftir hádegi
 - Lagðar línur fyrir komandi skólaár

1. september

- Haustþing hjá leikskólum norðurlands vestra
 - Þetta árið er haustþingið skipulagt af leikskólum Skagafjarðar
 - Fyrirlestur um málörvun barna
 - Brúðunotkun í leikskólastarfi
 - Skólastjórnendur voru fengnir til þess að dansa uppi á sviði, það vakti mikla kátínu

27. október

- Farið í leikskólaheimsókn á Hjalla

1. Janúar

- Breytingar í starfi leikskólans undirbúnar fyrir vorið.

16. Febrúar

- Skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk leikskólans

26. Apríl: Starfsdagur

- Unnin af sér með leikskólaheimsókn til Reykjavíkur

2.4 Fundir

- Það var gerð breyting á stigsfundum leikskólans. Fundirnir voru styttnir um klukkustund í hverjum mánuði og fengu deildarstjórar meira svigrúm með það hvenær þeir væru haldnir. Í staðinn fékk leikskólinn einn starfsdag.
- Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn árlega. Foreldraráð kemur saman eins oft og þurfa þykir yfir veturinn.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sitja sameiginlega fundi með leikskólastjórum Austur-Húnavatnssýslu, fræðslustjóra skólaskrifstofu A.-Hún og sviðstjóra Húnaþingi vestra.
- Leikskólastjóri, fulltrúi starfsmanna og fulltrúi foreldra sitja fundi Fræðsluráðs Húnaþings vestra.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sátu reglulega fundi með farsældarteymi Húnaþings vestra
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri funduðu tvisvar sinnum með innramatsteymi leikskólans.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, verkefnastjóri og matráður funduðu reglulega um innleiðingu Heilsueflandi leikskóla.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, verkefnastjóri, matráður, húsvörður og fulltrúi foreldrafélags funduðu vegna Grænánaverkefnis

2.5 Viðhald og hreingerning

- Endurnýjun ljósa er lokið í leikskólanum
- Í lok skólaársins fór fram hreingerning í leikskólanum
- Ákveðið var að bæta við skiptiaðstöðu á einu baðherbergi leikskólans.
- Haustið 2023 var gerð úttekt á lóð leikskólans. Í skýrslunni kom fram að þörf væri á breytingum á undirlagi v. fallhæðar á lest, klifurhúsi og rólum leikskólans. Því var ákveðið að gera breytingar á lóðinni, færa rólurnar og setja mottur undir bæði rólur og lest. Sumarið 2024 var síðan ákveðið halda áfram lagfæringum á lóð leikskólans með því að þökuleggja stóran hluta hennar og þannig minnka malarsvæðið og endurnýja ónýta grasfleti. Þetta var einnig gert til að hækka undirlag hjá klifurhúsi og þannig reyna

að bregðast við athugasemdum v. fallhæðar. Einnig var trjám plantað til þess að í framtíðinni verði til tvö aðskilin leikrými á útisvæði leikskólans.

2.6 Samstarf

- Grunnskóli Húnaþings vestra
 - Samstarf við Grunnskóla Húnaþings vestra hélt sínu striki og gekk vel fyrir sig. Tekin var ákvörðun um að bæta í með því að bjóða unglingum grunnskólans upp á leikskólafjör í valgreinum. Þá bauðst þeim sem völdu leikskólafjörið að koma í leikskólann frá 13:20 – 14:20. Aðsókn í þessa valgrein var góð
- Bókasafnið á Hvammstanga
 - Bókasafnið gaf leikskólanum fjölda bóka sem hættar voru í notkun á bókasafninu. Starfsfólk leikskólans fór yfir þær bækur sem við vildum nota og kom þetta sér vel.
- Sjúkrahúsið á Hvammstanga
 - Samstarf við sjúkrahús var mun minna en áður hefur verið.
- Íþróttamiðstöðin á Hvammstanga
 - Í vetur áttum við gott samstarf við íþróttamiðstöðina á Hvammstanga. Auk þess var gerð tilraun þar sem leikskólinn fékk regluleg afnot af félagsmiðstöðinni Óríon.
- Kvæðamannafélagið
 - Í ár fengum við fulltrúa kvæðamannafélagsins í heimsókn í kringum Þorrann.

2.7 Samningar

- Leikskólinn Ásgarður hóf áskrift hjá Hermanni Björgvin fyrir aðgang á skolakerfi.is. Skólakerfið er skráningaforrit sem við notum í valinu í leikskólanum. Kerfið vistar hjá sér hvað hvert barn velur og þannig fáum við upplýsingar um námsframvindu og áhugasvið barnanna í frjálsum leik.

2.8 Öryggismál

Frá ágúst 2023 – júní 2024 voru gerðar níu slysaskráningar.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands kom og tók út eldhúsið. Tvær ábendingar komu út úr skýrslunni og brugðist var við þeim báðum.

Eftirlitsaðili frá BSI kom og tók út leikskólalóðina

Starfsáætlun skólaárið 2024-2025

3 Leiðarljós

Að halda áfram að byggja upp lærdómssamfélag í leikskólanum Ásgarði. Að einstaklingar fái að njóta sinna styrkleika í bæði starfi og leik. Við viljum að bæði starfs- og leikumhverfi stuðli að samvinnumenningu og að það ýti undir vaxandi hugarfar hjá nemendum og starfsfólki.

Áherslur okkar eru:

Börnin okkar

- Að gera okkar besta til að komast til móts við fjölbreyttar þarfir barnanna
- Að styðja við frjálsan leik þeirra
- Bjóða upp á fjölbreytilegt leikumhverfi, efnivið, tíma og rými
- Að leikurinn, sem námsleið barna, fái að njóta sín og að námstækifæri sem myndast í leiknum séu gripin
- Að efla sjálfstæði barnanna
- Að börnin okkar upplifi gleði, vellíðan, öryggi og að komið sé fram við þau af virðingu

Starfsfólkið okkar

- Að samskipti starfsfólks einkennist af jákvæðni, trausti og virðingu
- Að starfið okkar byggist á lýðræðislegum starfsháttum
- Að starfsfólk fái tækifæri og hvatningu til þess að vaxa og dafna í starfi
- Að stuðla að dreifðri og styðjandi forystu

Foreldrarnir okkar

- Að foreldrar upplifi traust í garð leikskólans
- Að foreldrar upplifi opin og jákvæð dagleg samskipti við starfsfólk leikskólans
- Að viðhalda góðu samstarfi milli heimilis og skóla

4 Helstu verkefni og innra starf

Helstu verkefni leikskólans Ásgarðs eru:

- Menntun og umönnun barna í Húnaþingi vestra
- Að sinna málörvun barna í leikskólanum
- Halda utan um skráningu á mál- og félagsþroska barna
- Að sinna stoðþjónustu fyrir börn með frávik og leggja áherslu á snemmtæka íhlutun
- Halda utan um upplýsingaflæði til foreldra
- Að halda utan um foreldrasamstarf
- Sjá um heimasíðu leikskólans <https://asgardur.leikskolinn.is/>
- Að skapa lærdómssamfélag
- Stuðla að endurmenntun starfsfólks
- Stuðla að jákvæðum aga og vera fyrirmynd barnanna

Samkvæmt lögum er leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólstigið. Hann er menntastofnun og snýr hlutverk hans fyrst og fremst að námi og þroska barnanna.

Þeir námsþættir sem horft er til í leikskólanum Ásgarði eru:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning
- Lýðræði og jafnrétti

Daglegt starf leikskólans er þannig uppbyggt að þessum námsþáttum er fléttað inn og þeir hafðir til hliðsjónar. Leikurinn skal vera þungamiðja í leikskólastarfinu enda er hann órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Með leiknum læra börnin að skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar. Í gegnum leikinn fá börnin tækifæri til að þróa félagsleg tengsl við önnur börn, fá tækifæri til þess að mynda félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau fá tilfinningu fyrir lýðræðislegum athöfnum með því að byggja leik sinn á eigin hugmyndum en þurfa samt sem áður að læra að virða hugmyndir annara.

4.1 Skólastarfið

4.1.1 Val

Í leikskólanum verður áfram unnið með valið. Í valinu okkar tökum við hugmyndafræði Hjallastefnunnar okkur til fyrirmyndar. Valstöðvarnar okkar eru byggðar á opnum efnivið sem hefur ekkert fyrirfram ákveðið hlutverk, hægt er að nota hann á fjölbreyttan hátt og er engin útkoma rétt eða röng. Við teljum slíkan efnivið vera hvetjandi, ýta undir sköpun og ímyndunarafl barna. Þessar stöðvar eru einingakubbar, föndur, leikstofa, sull, leir og útisvæðið. Valið fer fram tvisvar á dag frá kl. 09:00 – 10:00 og frá 12:20 – 13:20. Val og áhugasvið barnanna er skráð niður og kynnt foreldrum í foreldrasamtölum.

4.1.2 Hópastarf

Í hópastarfinu tökum við Hjallastefnuna einnig til fyrirmyndar, en þar er markmiðið að börnin tilheyri fámennum hóp og hafi sinn hópstjóra yfir skólaárið. Leikskólabörnin okkar hafa rétt á því að fá viðeigandi örvun, hvatningu og leiðsögn á uppeldisárum sínum. Það er því hlutverk hópstjóranna að mynda tengsl við sín börn og að leiða hópastarfið með þeim. Með aukinni þekkingu á sínum börnum, þroska þeirra og þörfum getur hópstjóri betur mætt þeim í starfi sínu.

4.1.3 Sérkennsla

Sérkennslan verður með svipuðu sniði og fyrra ár. Sérkennslustjóri fylgist með öllum börnum leikskólans og leggur til leiðsögn til starfsfólks. Notast er við skimanir fyrir öll börn leikskólans sem unnið er síðan útfrá bæði í starfi inn á deildum og í sérkennslunni.

Beðið er gagna frá Ráðgjafar og greiningarstöð ríkisins vegna áframhaldandi vinnu. Reglulegir teymisfundir eru haldnir með foreldrum barna sem eru undir stoðþjónustu og er regluleg upplýsingagjöf til þeirra þar fyrir utan.

4.1.4 Farsæld barna

Skólaárið 2024-25 munum við halda áfram að vinna samkvæmt verklagi farsældar barna. Tengiliður leikskólans verður Guðný Kristín Guðnadóttir. Áætlað er að setja upp nemendaverndarráð í leikskólanum og setja upp tengil á heimasíðu leikskólans þar sem foreldrar geta sett inn beiðnir. Einnig verður sett frekari upplýsingar um stoðþjónsutu leikskólans á heimasíðuna.

4.2 Verkefni

4.2.1 Jákvæður agi

Áætlað er að viðhalda notkun á orðalagi og verkfærum sem jákvæður agi býður uppá.

4.2.2 Heilsueflandi leikskóli

Í vetur hefur nýr starfsmaður tekið við störfum tengiliðar, en það er hún Gunnhildur Lilja Guðmundsdóttir. Í haust mun teymið setja sér ný markmið fyrir veturinn. Áherslur vetrarins verða tannheilsa og geðrækt.

4.2.3 Skóli á grænni grein

Grænfánastarf í leikskólanum Ásgarði heldur áfram skólaárið 2024-2025. Áætlað er að sækja um nýjan fána í vetur.

4.2.4 Læsisstefna leik- og grunnskóla

Mikil þörf er á því að vekja bæði athygli foreldra og barna á lestri og mikilvægi hans. Þó svo að ekki sé ætlast til þess að börnum sé kennt að lesa á leikskólaaldri, er mikilvægt að hlúð sé að öðrum þáttum læsis sem leggja grunnin að færni barnanna til að læra lestur. Áætlað er að leggja meiri vinnu í og styrkja frekar málörvun ungra barna í leikskólanum.

4.2.5 Skil leik- og grunnskóla

Hjá leikskólanum Ásgarði og Grunnskóla Húnaþings vestra fer fram metnaðarfullt samstarf til að skapa samfellu á milli leik- og grunnskóla. Samstarf á milli skólanna hefst strax að hausti til og varir allt skólaárið. Til að telja nokkur atriði sem einkenna þetta samstarf mætti nefna:

- Berjatýnsluferð
- Leikskólafjórið
- Íþróttahúsförðir
- Vikulegar heimsóknir skólahóps
- Heimsókn 1. bekkjar
- Sundkennsla

4.2.6 Öryggismál

- Áætlað er að öryggistrúnaðarmaður sæki námskeið hjá vinnuvernd skólaárið 2024-25

4.3 Önnur markmið

- Halda áfram vinnu við námskrá leikskólans
- Að kanna framtíðarmöguleika varðandi Kvennfélagsgarðinn Bjarkarás og hefja samtal og hönnun á leiksvæði bæði austan- og sunnan við leikskóla
- Þarfir:
 - Ungbarnaleiksvæði
 - Meiri fjölbreytni til að efla hreyfingu barnanna.
 - Hér er ekki verið að ræða um stórar leikborgir, heldur einföld drumbatæki og þrautabrautir sem gætu átt heima í suðurhluta bakgarðsins.
- Fegra heimasíðu leikskólans

4.4 Mannauður

4.4.1 Mönnun

Haustið 2024 er gert ráð fyrir 18,6 stöðugildum í leikskólanum Ásgarði. Af þessum stöðugildum er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, matráður, þrjú stöðugildi deildarstjóra og þrettán starfsmenn á deildum. Á eldra stigi eru tveir starfsmenn sem deila með sér stöðu deildarstjóra.

4.4.2 Menntun og nemar

Menntun	Fjöldi
Leyfisbréf leikskólakennara	2
Grunnnám á háskólastigi tengt menntun	2
Annað grunnnám á háskólastigi	1
Í námi skólaárið 2024-25	
Nám til leyfisbréfs leikskólakennara	3
Grunnnám í leikskólakennarafræðum	2
Farskólinn - Stuðningsfulltrúabré	1

4.5 Endurmenntun

Helstu áhersluþættir endurmenntunar skólaárið 2024 – 2025 verða:

- Heilsusamlegt lífferni
- Fræðsla um einhverfu
- Vináttuverkefnið
- Tvítýngi

Hægt er að nálgast Endur- og símenntunaráætlun 2024-2025 á heimasíðu leikskólans.

4.6 Mat og matsaðferðir

Haldið verður áfram að vinna eftir innramats áætlun leikskólans sem byggist á matskerfinu *Hversu góður er skólinn okkar*. Hægt er að nálgast bæði markmið og fundargerðir innra matsins á heimasíðu leikskólans

Skólaárið 2024-25 verður gerð breyting á framkvæmd matsins. Áður var gert ráð fyrir að allt starfsfólk leikskólans tæki þátt í að fylla út matslistana. Reynslan sýndi að áhugi var misjafnlega mikill meðal þátttakenda. Því verður brugðið á það ráð, skólaárið 2024-2025 að mynda einn hóp sem samanstendur af starfsmanni frá hverri deild. Þessi sami hópur mun síðan funda reglulega og sinna innramati leikskólans.

4.6.1 Foreldrakönnun

Foreldrakönnun verður lögð fram skólaárið 2025 - 2026

4.6.2 Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl

Starfsmannakönnun er gerð annað hvert ár. Áætlað er að lögð verði fyrir starfsmannakönnun skólaárið 2024 - 2025

Þegar nýr starfsmaður kemur til starfa er handleiðslu samtal við leikskólastjóra fjórum og svo aftur eftir átta vikur. Hver starfsmaður fer í tvö starfsmannasamtöl á skólaári og fleiri ef þurfa þykir.

4.7 Samstarf

- Grunnskóli Húnaþings vestra
 - Samstarf við Grunnskóla Húnaþings vestra mun haldast óbreytt frá því í fyrra.
- Bókasafnið á Hvammstanga
 - Samstarf við bókasafnið á Hvammstanga muna halda áfram, en áætlað er að heimsóknnum barna á bókasafnið muni fjölga og verði reglulegri.
- Sjúkrahúsið á Hvammstanga
 - Áætlað er að halda samstarfi með sjúkrahúsi áfram en þó verður gerð sú breyting að hafa lengri tíma á milli heimsókna.
- Lögregla, slökkvilið og björgunarsveit.
 - Áætlað er að samstarf muni halda áfram og lögð áhersla á að fulltrúar þessara viðbragðsaðila komi í leikskólann, setjist með börnunum og ræði við þau um sín störf.
- Kirkjuheimsóknir
 - Áætlað er halda áfram samstarfi við sóknarprest Húnaþings vestra. Kirkjuheimsóknin í apríl verður færð í Hvammstangakirkju.